

Nd.

122. Frumvarp til laga

[2. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 99 1950 og nr. 87 1952.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðsins „kennslumálaráðuneytinu“ í 9. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945 komi: samgöngumálaráðuneytinu.

2. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 16. gr. sömu laga komi: samgöngumálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 18. gr. sömu laga komi: samgöngumálaráðuneytið, og í stað orðsins „Norðfirði“ í sömu grein komi: Neskaupstað.

4. gr.

19. gr. sömu laga, sem er ákvæði til bráðabirgða, falli niður.

5. gr.

3. gr. laga nr. 99 18. des. 1950 orðist svo:

Við stýrimannaskólann í Reykjavík skulu, auk skólastjóra, að jafnaði vera fimm skipaðir kennarar, fjórir í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara skulu ákveðin í launalögum.

6. gr.

Orðið „Djúpmælar“ í 3. gr. laga nr. 87 15. des. 1952 falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. des. 1950 og laga nr. 87 15. des. 1952, inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og gefa lögin út þannig breytt.